

Nefndarsvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
2018-02-18

**Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um mannanöfn, 148. löggjafarþing - þingskjal
150 - 83. mál**

Við gerum athugasemd við að í 2. grein frumvarpsins er forstöðumönnum trú- og lífsskoðunarfélaga gefið vald til að senda tilkynningar um nafngjöf til Þjóðskrár.

Það er óþarfi að þessir aðilar komi að ferlinu þegar foreldrar geta með einföldum hætti sent tilkynninguna rafrænt, eins og stór hluti foreldra gerir nú þegar.

Við leggjum til að 2. grein frumvarpsins verði:

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.
Barn öðlast nafn með tilkynningu um nafngjöf til Þjóðskrár Íslands. Foreldrar bera ábyrgð á tilkynningu.

fyrir hönd Vantrúar,
Sindri Guðjónsson, formaður Vantrúar